

AUGLÝSING

um breytingu á viðskiptasamningi við Þýska alþýðulýðveldið.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 8. og 30. júlí 1987 var gengið frá breytingu á 12. gr. viðskiptasamnings milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins frá 6. febrúar 1973, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1973. Breytingin öðlaðist gildi 30. júlí 1987.

Ný 12. gr. samningsins er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

Article 12

This Agreement shall come into force upon signing and shall remain valid until December 31st, 1991. It shall be automatically renewed by periods of one year each, unless one of the Contracting Parties gives notice in writing to terminate it three months before the expiry of its validity.

AUGLÝSING

um breytingu á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

Hinn 10. ágúst 1987 var samþykktarskjali Íslands vegna bókunar um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi komið til vörslu hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni. Bókunin var gerð í Montreal 3. nóvember 1982 og undirrituð fyrir Íslands hönd sama dag. Samkomulagið er birt í Samningum Íslands við erlend ríki, nr. 109, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1958.

Ákvæði bókunarinnar önnur en 9. gr. öðluðust gildi til bráðabirgða 1. janúar 1983. Tilkynnt verður um endanlega gildistöku síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.